

VIII. KAFLI  
**Almenn ákvæði.**

28. gr.

Hreppsnefnd Kelduneshrepps sker úr öllum ágreiningsmálum er fjallskil varða, en skjóta má þeim úrskurðum til héraðsnefndar Norður-Þingeyjarsýslu.

29. gr.

Mál sem rísa út af brotum gegn samþykkt þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem héraðsnefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Kelduneshrepp nr. 209 28. júní 1974.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. mars 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Jón Höskuldsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku, er taki gildi 1. apríl 1996:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku nr. 552, 28. desember 1993:

Liður A.1	Orkugjald	verði 5,25 kr/kWst	var 6,00 kr/kWst
Liður C.2	Daghitun, húshitun rofin	verði 3,14 kr/kWst	var 3,05 kr/kWst
Liður C.3	Næturhitun, húshitun	verði 1,75 kr/kWst	var 1,70 kr/kWst

Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

*Iðnaðarráðuneytinu, 25. mars 1996.*

F. h. r.

**Kristmundur Halldórsson.**

---

*Steinunn Bjarman.*